



Fundargerð

22. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
Þriðjudaginn 21. Júlí 2015 kl. 19:30 í sal A, 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

Mætt: Einar Vilhjálmsson, Jónas Egilsson, Lóa Björk Hallsdóttir Fríða Rún Þórðardóttir, Stefán Skaffi Steinólfsson, Jón H Steingrímsson. Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar: Samþykkt af stjórn.
2. Samþykkt fundargerða:
 - 2.1 Fundargerð 20. Fundar. JE lét bóka óánægju með orðalag í lið nr 9 í fundarger. Orðalagi fundargerðar var breytt lítillega. Fundargerðin verður samþykkt í tölvupóstum fyrir mánud. 27 júlí.
 - 2.2. Fundargerð 21. Samþykkt.
3. Reykjavíkumaræþon - eftirlit og dómgæsla FRÍ. EV býður Þorsteinn Þorsteinsson formann tækninefndar FRÍ velkominn á fundinn. Þorsteinn leggur fram minnisblað frá fundi um Reykjavíkumaræþon, með Svövu Oddnýju Ásgeirsdóttur og skýrir frá fyrstu formlegu aðkomu tækninefndar FRÍ að dómgæslu meistaramóts Íslands í maræþoni . Þorsteinn lagði einnig fram minnisþunkta varðandi samstarf og samráð UMFÍ og FRÍ. Stjórn þakkar Þorsteini góða kynningu og hann vikur af fundi 20:10. Haukur Þór Haraldsson kemur til fundar kl 20:15.
4. Fjármál FRÍ
 - 4.1 JE leggur fram stöðu fjármála. Haukur fer yfir skjal um greiningu á fjárhagsstöðu ásamt framkvæmdastjóra. Til máls tóku EV,SSS,JE,FRÞ.
 - 4.2 JE fer yfir sjóðstreymi FRÍ næstu þrjú mánuði og tilgreinir m.a. að hann hafi sótt um það til EAA að fá greiðslu EAA til FRÍ vegna flugkostnar flýtt. Til máls tóku JHS,JE,JE,SSS. Athugasemd var gerð við framlögð gögn sem veittu ranga mynd af stöðu mála. Gögn láu ekki fyrir varðandi kostnað nokkura verkefna sem stjórn hafið óskað eftir greiningu á.
 - 4.3 Staða samnings við Under Armour. Úttektarheimild 2015 að mestu ónotuð. Senda þarf mótreikning vegna reiknings sem borist hefur frá UA.
 - 4.4 Kostnaður vegna þátttöku á mótum erlendis
 - 4.4.1 NM U23 í Fjölþrautum – framkvæmdastjóri lagði ekki fram samantekt.
 - 4.4.2 EM U23 í Tallinn – gestur, Haukur Þór Haraldsson. Haukur lagði fram greinargerð um ferðakostnað og ferðatilhögun sem framkvæmdastjóri hafði skipulagt fyrir hópinn sem og annan kostnað vegna þátttöku á mótinu. Umræður voru um óvenjulega háan ferðakostnað þar sem vitað var um þátttökurétt keppenda með meira en mánaðar fyrirvara.
 - 4.4.3 EM U20 í Eskilstuna – gestur, Haukur Þór Haraldsson. Haukur fór fyrir kostnað mótsins og ferðatilhögun sem skipulögð var með góðum fyrirvara af honum sjálfum. Stjórnarmenn þökkðu Hauki góð störf í þágu hreyfingarinnar sem sjálfboðaliða á skrifstofu FRÍ og nákvæma greinargerð um hlutfallslega lágan kostnað.
- 4.5 NM í U20 . Framkvæmdastjóri lagði ekki fram kostnaðaráætlun vegna þátttöku á mótinu m.v. mismunandi fjölds þátttakenda og staðfesti að skrifstofa FRÍ hefði ekkert aðhafst vegna fjáröflunar fyrir það verkefni. Árangursviðmið fyrir þátttökurétti á mótinu voru rædd sem og aldurstakmark keppenda. Ákveðið að vísa umræðu um aldurstakmark til Unglinganefndar FRÍ og sambandsaðila á næsta þingi FRÍ og láta árangursviðmið alfarið ráð þátttökurétti á NM U20 2015 eins og tíðkast hefur. Staðfest var að samkvæmt áður samþykktum árangursviðmiðunum á heimasíðu FRÍ varðandi íþróttamenn sem öðlast sjálfkrafa þáttökurétt á NM með árangri í keppnisgrein á NM sem nemur lágmarki til þátttöku í sömu grein á EM. Kostnaðarþátttaka þeirra



nemur því 25.000kr/ íþróttamann. Jafnframt var ákveðið að skilgreina lægri árangursviðmið sem skapað gæti þátttökurétt fleiri íþróttamenn á mótinu að höfðu samráði við Dani og kostnaðarþáttaka þeirra þá 60.000kr.

- 4.11. Kostnaðaráætlun – Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar Tbilisi. Áður samþykkt kostnaðþátttaka m.v. árangursviðmið sem kynnt var á heimasíðu FRÍ veitti svigrúm til að bjóða 6 ungmennum þátttökurétt á ÓE 2015 í stað upprunalegra áforma um að senda fjóra. Stjórn fagnaði því að þetta svigrúm hafi skapast innan ramma upphaflegrar fjárhagsáætlunar og staðfesti árangursviðmið tveggja sem tryggði 25.000kr kostnaðarþátttöku og árangursviðmið fjögurra sem skapaði keppnisrétt gegn 60.000 kr kostnaðarþátttöku.
 - 4.12. Kostnaðaráætlun vegna HM í Peking. Framkvæmdastjóri sagði kostnað ekki liggja fyrir og ekki búið að ganga frá miða fyrir Ásdís Hjálmsdóttur og þjálfara hennar en þau færu væntanlega frá Sviss. Fram kom að formaður FRÍ fer á þing IAAF sem haldið verður í aðdraganda HM og verður ferðakostnaður og upphald formanns greitt af IAAF.
 - 4.13. Vinningaskrá Happraættis FRÍ 2013-14. Vinningaskrá ekki lögð fram af tæknilegum ástæðum að sögn framkvæmdastjóra. Ítrekað var við framkvæmdastjóra að leggja fram vinningaskrána og staðfestingu á eignum FRÍ í formi vinninga sem ekki gengu út og voru ekki sóttir innan lögbundins tíma. Ítrekað var að JE legði fram ofangreinda greinagerð fyrir næsta fund, ásamt skýrslu til sýslumanns.
5. Skipulagsbreytingar á skrifstofu FRÍ.
- 5.1. Samkomulag við Hauk Þór Haraldsson: Samþykkt af stjórn að veita formanni umboð til þess að ganga frá samkomulagi um tímabundið samstarf við Hauk til afleysinga á skrifstofu FRÍ fram til 31.08.2015. Stjórn fagnar boði Hauks um að starfa í júlí og ágúst sem sjálfboðaliði fyrir hreyfinguna.
 - 5.2. Breyting á aðgengi að fri@fri.is : Farið yfir sögu málsins. Stjórnarmenn einróma um að ítreka fyrri fyrirmæli til JE að hreinsa þjónustu-og upplýsingapóstfang hreyfingarinnar af persónulegum gögnum þannig að stjórnarmenn geti nýtt og haft aðgang að gögnum sambandsins sem þar er að finna og þangað berast. Ítrekað var að netfangið verði hreinsað fyrir föstudaginn 24. júlí 2015 enda þá rúmlega tvær vikur liðnar frá því að JE var falið að fjarlægja sín persónulegu gögn sem hann bar við að veittu honum rétt til að verða ekki við ósk stjórnar.
 - 5.3. Orlofsréttindi framkvæmdastjóra FRÍ : Lagt fram yfirlit og tillaga frá fjárhagsnefnd. Farið yfir yfirlitið. Til máls tóku JHS,JE,SSS,LBH. Tillagan samþykkt.
 - 5.4. Framboð til stjórnar/formennsku AASSE í okt. 2015. Farið yfir fyrri kosningar og stöðuna innan AASSE og hverja FRÍ velur sem sína fulltrúa í félagsskapinn. Til máls tóku EV,SSS,JE,LBH. Stjórn samþykkir að ekki verði framboð af hálfu Íslands til stjórnar AASSE. Stjórn lýsti sig reiðubúna til að endurskoða þá ákvörðun með nefndarmönnum nýrrar starfsnefndar, Alþjóðanefndar FRÍ.
 - 5.4. A. Afbrigði við dagskrá : Ný starfsnefnd, Alþjóðanefnd FRÍ: Formaður kynnir hugmyndir og drög að nýrri starfsnefnd er sinni alþjóðamálum. Umræður um skilgreiningu nefndarinnar og umboð. Samþykkt að fela formanni að vinna málið áfram. Til máls tóku JE,SSS,EV,LBH,JHS.
 - 5.5. Þátttaka FRÍ í móti smáþjóðanna. Skýrsla kemur frá formanni AASSE eftir fund 10 ágúst. Engar fjárhagslegar skuldbindingar verða af för JE á fundinn.



6. Ráðningarsamningur starfsmanna FRÍ : Farið yfir ferli skipulagsbreytinga á skrifstofu FRÍ. Til máls tóku EV, JHS, LBH, SSS og JE. Viðræður voru um endurskipulagningu starfa á skrifstofu sambandsins sem hófust í október 2014 og var fram haldið á stjórnarfundum þessa árs. Á útmánuðum höfðu samskipti framkvæmdastjór og stjórnarmanna stirðnað sem leiddi til uppsagnar á ráðningasamningi framkvæmdastjóra í lok apríl. Nýr ráðningasamningur var ekki lagður fram eins og vilji stjórnar stóð til að gera og óskað eftir samráði formanns og JE sem stjórnarmanns um nýjan ráðningasamning við JE sem starfsmann skrifstofu FRÍ. Það er mat stjórnar að það sé knýjandi þörf á breyttum áherslum í starfi skrifstofunnar og það þurfi að gerast fyrir en seinna. Í ljósi þess að breytinga sé þörf samþykkir stjórn á fundinum að endurnýja ekki ráðningarsamning við framkvæmdastjóra FRÍ, Jónas Egilsson, en óska þess að hann, sem stjórnarmaður í stjórn FRÍ, taki að sér formennsku í nýrri starfsnefnd, Alþjóðanefnd FRÍ. Jafnframt var ákveðið að starfsskyldum Jónasar sem framkvæmdastjóra ljúki frá og með næstu mánaðarmótum en hann haldi fullum launum skv. ráðningasamningi til og með 31. október næstkomandi. Formanni var veitt umboð til að ganga til samninga við Hauk Þór Haraldsson um að hann taki að sér stjórn á skrifstofu FRÍ til að tryggja góða þjónustu við sambandsaðila. Formanni falið að leggja fram tillögu að skipan mál á skrifstofunni fyrir næsta stjórnarfund til samþykktar.
7. Önnur mál. JE óskar eftir að lagt sé fram samkomulag við Svefn og Heilsu um auglýsingastyrki og formaður staðfestir að svo verði gert. JE óskar eftir því að FRÍ kosti lögfræðilegt álit á því hvort formanni eða stjórn FRÍ hafi verið heimilt að komast í upplýsingar á fri@fri.is sem þörf var á að fá til að tryggja greiðslu vegna þátttakenda á erlindum mótum ungmenna – tillögu um útgjöld FRÍ vegna lögfræðiálits var hafnað.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 23:45.

Fundargerð ritaði Stefán Skafti Steinólfsson.